

Kirkjuþing 2022-2023.

42. mál - þskj. 42

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um að kirkjuþing skipi starfshóp til að koma með tillögu að fram tíðarhúsnæði fyrir þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af biskupi Íslands og forseta kirkjuþings.

Frsm. Drífa Hjartardóttir.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að skipa fjögurra manna starfshóp til að vinna þarfagreiningu fyrir starfsemi þjónustumiðstöðvar og í framhaldi að þeirri vinnu koma með tillögu að fram tíðarhúsnæði fyrir þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar. Starfshópurinn skili tillögum á vorþingi 2022-2023.

#### Greinargerð.

Flutningsmenn leggja fram tillögu þessa að skipan starfshóps til að koma með tillögu að fram tíðarhúsnæði fyrir þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar. Í því skyni skal starfshópurinn vinna nákvæma þarfagreiningu og frumathugun á húsnæðisþörf þar sem litið verður til starfseminnar til framtíðar. Einnig skal hópurinn kanna húsnæðismarkaðinn með það fyrir augum að finna fram tíðarhúsnæði fyrir þjónustumiðstöðina sem falli að þarfagreiningunni.

Gera skal ráð fyrir að starfsemin fari fram í fjölbreyttum og sveigjanlegum vinnurýmum sem styðji við teymisvinnu og samstarf. Einkum skal tekið mið af þeim verkefnum sem þjónustumiðstöðin sinnir samkvæmt starfsreglum um hana og þá að tekið sé mið að þeirri kirkjulegu starfsemi sem er þungamiðjan í starfi starfsfólks Þjóðkirkjunnar. Mikilvægt er að húsakynnin geti hýst kirkjuþing, Skálholtsútgáfu og kirkjugarðaráð.

Húsnæðið þarf að vera með góðu aðgengi fyrir alla. Það þarf nægan fjölda bílastæða fyrir starfsmenn og gesti og huga þarf að aðstöðu og aðkomu fyrir hreyfihamlaða, hjólandi, akandi og gangandi starfsmenn og gesti þjónustumiðstöðvarinnar svo og nálægð við almenningsamgöngur.

Flutningsmenn leggja áherslu á að starfshópurinn vinni þarfagreininguna í nánú samráði við starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar og komi með tillögu á vorþingi að hentugu fram tíðarhúsnæði fyrir þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar.

Kostnaðaráætlun fylgir með tillögunni.